



Nefndarsvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,
ritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 141/1651
komudagur 19.2.2013

Reykjavík, 14. febrúar 2013
EBG/hó

Efni. Tillaga til þingsályktunar um skattaflátt vegna kostnaðar við ferðir til og frá vinnu á 141. löggjafarþingi, þskj. 105 - 105. mál
Tilv. 2013010023

Þingsályktunartillagan barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndarsviði alþingis, dags. 28. janúar 2013.

Bændasamtökin leggja til að tillagan verði samþykkt. Um er að ræða mikið hagsmunamál fyrir bændur og aðra íbúa í dreifbýli. Menningarlandslag í sveitum verður ekki til nema þar sé byggð og byggð í dreifbýli byggist ekki eingöngu á landbúnaði heldur einnig fjölbreyttari notkun á landi, s.s. undir frístundahús, ferðaþjónustu eða aðra atvinnustarfsemi. Í landskipulagsstefnu fyrir Ísland fyrir árin 2013-2024 segir m.a. að stefna stjórnvalda sé að nýrri íbúðarbyggð verði almennt komið fyrir innan núverandi þéttbýlis og það geti haft áhrif á staðsetningu og eðli þjónustu og atvinnulífs á hverjum stað og styrkt slíka starfsemi. Þétting íbúðarbyggðar og þar með samþjöppun þjónustu á einn stað þarf hins vegar ekki einungis að hafa í för með sér styrkingu á slíkri starfsemi heldur getur hún einnig haft í för með sér lakara og erfiðara aðgengi íbúa í dreifbýli að þessari sömu þjónustu. Nauðsynlegt er að stjórnvöld geri sér grein fyrir þessu en jafnframt þeim tækifærum sem geta falist í því að efla byggð í dreifbýli. Skattafláttur vegna kostnaðar við ferðir til og frá vinnu myndi getur verið þáttur í því að jafna búsetuskilyrði á landsvísu svo tryggja megi fjölbreytt menningarlandslag. Aukin tilhneiging til samþjöppunar atvinnustarfsemi og þjónustu innan núverandi þéttbýlis verður til þess að kostnaður íbúa í dreifbýli eykst stöðugt beinlínis vegna stefnu stjórnvalda í þeim efnum. Fjöldmörg tækifæri felast í því að efla byggð í sveitum en forsenda þess að slík uppbygging geti átt sér stað er að búsetuskilyrði verði sem jöfnust.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson lögfr.